

ÞINGFLOKKUR SAMTAKA UM KVENNALISTA

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, alþingiskona
Alþingi
150 Reykjavík.

Hr. utanríkisráðherra,
Jón Baldvin Hannibalsson.

Reykjavík, 12.07.'91.

Fyrir tæpu ári fékk ég lista í utanríkisráðuneytinu yfir erlendar herskipakomur í íslenskar hafnir á undanförunum 20-30 árum. Þessi sami listi hefur verið afhentur erlendum sérfræðingum sem hafa verið að rannsaka skipakomur í hafnir á Norðurlöndunum. Nú er ljóst - ef marka má dagbækur íslenskra hafnaryfirvalda - að á listann vantar a.m.k. 4 eftirtalin herskip:

USS McCloy (DE 1038) sem var í Hvalfirði 25.04.'67 og í Reykjavík 26.-30.04. '67.

USS MacDonough (DDG 39) sem var í Reykjavík 25.-27.08.'75.

USS Luce (DDG 41) sem var í Reykjavík 18.-20.09.'79.

USS Dewey (DDG 45) sem var í Reykjavík 25.-29.08.'83.

Á þeim tíma sem um er að ræða höfðu öll þessi herskip getu til að bera kjarnavopn - ýmist af ASROC eða Terrier gerð.

Mál þetta var til umfjöllunar í fréttum Stöðvar 2 sl. miðvikudag. Þar voru færð sterk rök - svo að stappar nærri vissu - fyrir því að 3 þessara skipa hafi að auki verið með kjarnavopn innanborðs þegar þau komu til íslenskra hafna. Þau skip sem þarna er um að ræða eru tundurspillarnir MacDonough, Luce og Dewey. Um það leyti sem skipin heimsóttu Ísland - ýmist skömmu áður eða strax á eftir - höfðu þau staðist skoðun kjarnorkuvopnaeftirlits hersins og fengið áframhaldandi leyfi til að geyma kjarnavopn um borð og nota þau í neyð. Skömmu áður en þau komu hingað tóku þau kjarnavopn um borð í bandarískum höfnum og ekkert bendir til þess

að þau hafi verið tekin frá borði aftur.

Þær upplýsingar sem frétt Stöðvar 2 byggir á eru fengnar úr opinberum gögnum í skjalasafni Bandaríkjahers. Gögnunum var safnað í tengslum við skýrslu sem unnin var fyrir Greenpeace í Svíþjóð um herskipakomur í sænskar hafnir. Skýrslan kom út fyrir tæpu ári.

Vegna framangreindra upplýsinga hef ég þegar farið fram á það við utanríkisráðuneytið að það lafi mér í té tæmandi lista yfir herskipakomur í íslenskar hafnir á sl. 30 árum.

Að auki vil ég fara þess á leit við yður, hæstvirtur utanríkisráðherra, að þér gefið mér svo fljótt sem auðið er, skrifleg svör við eftirfarandi spurningum:

- 1) Hvernig stendur á því að ofantalin 4 skip vantar á lista utanríkisráðuneytisins yfir herskipakomur í íslenskar hafnir?
- 2) Hvernig er háttað meðferð beiðna sem berast frá yfirmönnum herskipa um leyfi til að koma inn í íslenska lögsögu eða í íslenskar hafnir? Hverjir fjalla um beiðnina og er gerður greinarmunur á skipum sem vitað er að geta borið kjarnavopn og hinum sem gerð eru fyrir hefðbundin vopn? Er yfirmönnum skipa sem geta borið kjarnavopn kynnt með einhverjum hætti stefna íslenskra stjórnvalda í þessum málum?
- 3) Hvernig er háttað skráningu í utanríkisráðuneytinu á komum herskipa í íslenskar hafnir eða í íslenska lögsögu?
- 4) Í fréttatilkynningu sem utanríkisráðuneytið sendi frá sér í gær, fimmtudag, kemur fram að það sjái ekki ástæðu til að ætla annað en aðildarríki Nató hafi virt þá stefnu Íslendinga að kjarnavopn séu óheimil í íslenskri lögsögu. Byggir yfirlýsing þessi á trausti einu saman eða hefur utanríkisráðuneytið undir höndum ákveðnar upplýsingar sem gefa því ástæðu til að véfengja það sem sagt er hér að

framan um bandarísku tundurspillana? Ef svo er, hvaða upplýsingar er þá um að ræða?

- 5) Þegar Greenpeace í Svíþjóð lagði fram skýrslu sína um að á sl. 30 árum hefðu 31 herskip með kjarnavopn innanborðs komið í sænskar hafnir, lýsti Pierre Schori, aðstoðarutanríkisráðherra Svía, því yfir að málið yrði tekið til alvarlegrar skoðunar og var sendiherra Svía í Washington m.a. falið að leita skýringa hjá bandaríska utanríkisráðuneytinu. Mun utanríkisráðherra Íslendinga gera slíkt hið sama þ.e. taka þær upplýsingar, sem fram eru komnar um kjarnavopn í bandarískum skipum sem koma í íslenskar hafnir, til alvarlegrar skoðunar og leita skýringa hjá bandaríska utanríkisráðuneytinu eða öðrum viðkomandi yfirvöldum?

Virðingarfyllst,



Ingibjörg Sólrún Gísladóttir.